

Minnisblað

Varðar: Aðkomu Ísafjarðarbæjar að byggingu nemendagarða við Lýðskólann á Flateyri.

Í erindi Egils Ólafssonar formanns stjórnar Nemendagarða Lýðskólans á Flateyri dags. 9. september s.l. er óskað eftir aðkomu bæjarins að byggingu nemendagarða í formi stofnframlags sem nemi 12% af byggingarkostnaði. Innifalið í þeirri hlutdeild verði gatnagerðargjöld. Sama dag berst erindi frá Runólfi Ágústssyni formanni stjórnar Lýðskólans þar sem „óskað er eftir samvinnu við bæinn um þróun, fjármögnun, skipulag og útfærslu málsins út frá samfélagslegum áhrifum þess“.

Erindið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs 14. september s.l. þar sem bæjarstjóra var falið að vinna málið áfram.

Ísafjarðarbær hefur stutt við starfsemi Lýðskólans með ýmsum hætti bæði með beinum fjárframlögum en einnig í formi húsnæðis, vinnuframlags o.fl.. Þannig lagði bærinn skólanum til húsnæðið við Eyrarveg 8 en það húsnæði hefur verið nýtt sem nemendagarðar. Framlag bæjarins hefur einnig verið í formi vinnuframlags en nú situr sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs í stjórn skólans og einnig í stjórn nemendagarða skólans.

Fagna ber þessum metnaðarfullu áformum skólans að ráðast í byggingu nemendagarða. Undirritaður leggur til við bæjarráð að aðkoma bæjarins verði í formi niðurfellingu gatnagerðargjalda og einnig í formi vinnuframlags í byggingarnefnd nemendagarðanna. Þannig er lagt til að byggingafulltrúi Ísafjarðarbæjar taki sæti í byggingarnefnd nemendagarða skólans.

Birgir Gunnarsson bæjarstjóri